

Einkenni og meðferð

Helstu sameiginlegu einkenni þessara sjúkdóma eru:

- Kviðverkir
- Niðurgangur
- Vindgangur
- Þreyta og slappleiki
- Þyngdartap

Ef þú finnur til einhverra þessara einkenna í lengri tíma ættir þú að leita læknis. Markmið meðferðar í upphafi er að halda bólgunni í skefjum, síðan að græða slímhúð og finna rétt lyf og/eða lyfja-skammta til að viðhalda sjúkdómshléi. Mjög einstaklingsbundið er hvernig meðferð er uppbyggð.

CCU samtökin voru stofnuð í október 1995 og eru hagsmunasamtök einstaklinga með sáraristilbólgu og svæðisgarnabólgu. Samtökin eru opin öllum; sjúklingum, aðstandendum og öðrum áhugasömum.

Helstu markmið samtakanna eru:

- Stuðningur við þá sem greinast.
- Stuðla að aukinni fræðslu og almennri þekkingu á sjúkdómunum.
- Þýðing og útgáfa fræðsluefnis.
- Að starf samtakanna nái um allt land.



CCU

Crohn's og Colitis Ulcerosa samtökin

Pósthólf 5388
125 Reykjavík
Talhólf: 871-3288

www.ccu.is ccu@ccu.is
www.facebook.com/CCUsamtokin

Þú sérð það ekki utan á mér




Bólgusjúkdómar í meltingarvegi

Svæðisgarnabólga - Crohn's sjúkdómur
Sáraristilbólga - Colitis Ulcerosa


Svæðisgarnabólga – Crohn's sjúkdómur

Svæðisgarnabólga er venjulega í neösta hluta smágrins en getur þó verið hvar sem er í meltingarvegi, þ.e. frá munn að endaparmi. Sár geta myndast sem stundum blæðir frá. Ekki er hægt að lækna sjúkdóminn en hægt er að minnka óþægindi og draga úr virkni hans þegar bólga er hvað mest. Algenast er að sjúkdómurinn komi fram á aldrinum 20-30 ára.



Sáraristilbólga - Colitis Ulcerosa

Sáraristilbólga er bólugsjúkdómur í slímhuð ristils. Sjúkdómurinn takmarkast við ristilinn. Algenast er að bólga sé staðbundin við neösta hluta ristilsins eða í endaparmi en stundum er allur ristillinn bólginn. Sjúkdómurinn er langvarandi, en köstin eru misjafnlega slæm og standa mislengi yfir. Þó er mögulegt að vera einkennalaus um lengri tíma. Sáraristilbólga kemur oftast fram á aldrinum 15-30 ára.



Almennt um sjúkdómana

Bólgur í meltingarvegi eru oftast bráðar og hverfa venjulega án sérstakrar meðferðar. Þær orsakast m.a. af bakteríum (t.d. salmonelli og Campylobacter) eða veirum. Einkenni vara sjaldnast lengur en mánuð. Við vissa sjúkdóma getur bólga í meltingarvegi varað lengur, marga mánuði eða jafnvel ár. Þessir sjúkdómar kallast langvinnir bólguvaldandi þarmasjúkdómar. Orsakir þeirra eru enn óþekktar. Alengustu tegundir þessara sjúkdóma eru sáraristilbólga og svæðisgarnabólga. Þessir tveir sjúkdómar eru að mörgu leyti ólíkir en hafa engu að síður mörg sameiginleg einkenni og svipaðar meðferðir.

